

Norðurljósín – Perlur Eyjafjarðar

Ársskýrsla 2024

Norðurljósín – Perlur Eyjafjarðar eru félagsskapur fyrir iðkendur þríþrautar á Akureyri. Eins og fyrri ár er hópurinn í samstarfi við þríþrautafélagið Ægir3 og æfa flestir iðkendur eftir fjarþjálfunarprogrammi frá þjálfurum Ægis3. Meðlimir hafa auk þess sótt æfingabúðir og farið í keppnisferðir með Ægiringum.

Stjórn Norðurljósanna fyrir árið 2024 var kosin á aðalfundi í apríl og hana skipuðu:

Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir formaður/gjaldkeri

Kristjana Pálsdóttir Margrétardóttir ritari

Sigrún María Bjarnadóttir meðstjórnandi

Hildur Andrjesdóttir meðstjórnandi

Helstu viðburðir á árinu voru þessir:



Í byrjun maí fóru 8 meðlimir í æfingabúðir á Laugarvatni sem haldnar voru af þríþrautafélaginu Ægir3. Norðurljósín hafa ekki fasta þjálfara og því er það kærkomið að fá að taka þátt í slíkum viðburðum þar sem þjálfarar stjórna æfingum alla helgina. Skemmtileg helgi með bæði hefðbundnum og óhefðbundnum æfingum. Meðfylgjandi mynd er af æfingu sem kallast sardínur í dós og þykir mikilvæg til að vera vel undirbúin fyrir hópstart í þríþraut 😊

Í byrjun júní kom Ragnar Guðmundsson verkefnastjóri unglíngastarfs Þríþrautarsambands Íslands og hélt kynningu fyrir börn í 7.bekk. Alls þáðu 5 grunnskólar á Akureyri boð Ragnars. Nánar er hægt að lesa um viðburðinn [hér](#). Ragnar kom svo aftur til Akureyrar í september og hélt verklegan hluta námskeiðisins Active Skills for Live. 6 einstaklingar kláruðu námskeiðið, 2 íþróttakennarar og 4 meðlimir Norðurljósanna.



Norðurljósapríþrautin var haldinn í 4. skipti í góðu samstarfi við Íþróttamiðstöðina á Hrafnargili 27.júlí. Keppt var í sprettþraut sem saman stendur af 750 m sundi, 20 km hjóli og 5 km hlaupi. Aldrei hafa eins margir tekið þátt í Norðurljósapríþrautinni. Alls mættu 53 þátttakendur til leiks, 34 kepptu í almennu flokki sem ætlaður er keppendum sem eru í þríþrautarfélagi og 12 í opnum flokku sem er fyrir þá sem ekki eru skráðir í félag. Að þessu sinni var einnig boðið upp á ungmennapræut fyrir 7.-10. bekk. Þar mættu 7 hress ungmenni til

leiks. Skemmtileg viðbót sem vonandi er komin til að vera.

Alls voru haldnar 5 keppnir af félögum innan Þríþrautasambands Íslands árið 2024 og áttu Norðurljósinn þátttakendur í þeim öllum. Bæði keppendur og dómara.

Á árinu tóku 8 meðlimir Norðurljósanna þátt í IronMan keppnum erlendis. Í byrjun júlí áttu Norðurljósinn 2 keppendur í IronMan 70.3 keppni sem haldin var í Jonköping í Svíþjóð. 6 til viðbótar kepptu svo í Erkner í Þýskalandi í september. Þar var keppt í IronMan 70.3 og Ólympískri þríþaut. Í IronMan 70.3 eru syntir 1900 m, hjólaðir 90 km og að lokum hlaupið hálfmararþon eða 21,1 km. Í Ólympískri þríþaut eru syntir 1500 m, hjólaðir 45 km og hlaupið 10 km, Margir voru að taka þátt í sinni fyrstu IronMan keppni, allir kláruðu og stóðu sig með stakri þriði



Nýtt æfingaár hófst í byrjun október og eru alls 28 meðlimir skráðir í Norðurljósinn veturinn 2024-2025.

Norðurljósin

Rekstrarreikningur ársins 2024

	2024	2023
Rekstrartekjur		
Félags- og æfingagjöld	127.200	136.000
Tekjur af mótum	352.500	145.000
	<u>479.700</u>	<u>281.000</u>
Rekstrargjöld		
Kostnaður við iðkendur	52.570	46.724
Kostnaður vegna móta	77.720	189.050
	<u>130.290</u>	<u>235.774</u>
Rekstrarafkoma	349.410	45.226
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur	10.954	5.953
Vaxtagjöld og verðbætur	(440)	(1.309)
	<u>10.514</u>	<u>4.644</u>
Afkoma ársins	<u>359.924</u>	<u>49.870</u>

Norðurljósín
Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	<u>31.12.2024</u>	<u>31.12.2023</u>
Veltufjármunir		
Handbært fé	802.415	442.491
	<u>802.415</u>	<u>442.491</u>
Eignir samtals	<u>802.415</u>	<u>442.491</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Eiginfjárreikningur	802.415	339.491
Skuldir		
Skammtímaskuldir:		
Aðrar skammtímaskuldir	<u>0</u>	103.000
	0	<u>103.000</u>
Skuldir samtals	0	103.000
Eigið fé og skuldir samtals	<u>802.415</u>	<u>442.491</u>